

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Bingeyinga.

FUNDARGERÐ

22. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Bingeyinga föstudaginn 10. febrúar árið 2006. Fundurinn fór fram á hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar í Kjarna á Laugum og hófst fundur kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

1. **Erindi frá Margréti Baldursdóttur og Ólafi Einarssyni**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Núpa, Aðaldælahreppi. Húsið er bjálkahús 19,4 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni á Akureyri.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. **Erindi frá Ferðafélagi Akureyrar**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir landvarðaskála í hálendismiðstöðinni við Drekagil í Dyngjufjöllum. Húsið er úr timbri 65,3 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Presti Sigurðssyni á Teiknistofunni Opus.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. **Erindi frá Elínu Steingrímsdóttur**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir stækkun fjárhúss að Grímsstöðum IV, Skútustaðahreppi.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. **Erindi frá Snæbirni Péturssyni Reynihlíð**

Óskað er eftir leyfi til að setja nýjan inngang á efri hæð íbúðarhússins í Reynihlíð byggja svalir utan á húsið og stiga af þeim niður á jarðhæð. Svalir og stigar eru úr stáli.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. **Erindi frá Flosa Gunnarssyni Hrafnstöðum, Þingeyjarsveit**

Óskað er eftir leyfi til að breyta fjósi og hlöðu í lausagöngufjós. Teikningar eru unnar af Magnúsi Sigsteinssyni hjá byggingarþjónustu Bændasamtaka Íslands.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. **Erindi frá Iðnbæ ehf. á Laugum**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir iðnaðarhús á lóð félagsins að Kvíhólsmýri, Laugum, Þingeyjarsveit. Húsið er stálgrindarhús 406,8 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Guðmundi Gunnarssyni byggingarverkfræðingi.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagi verði breytt í samræmi við óskir húsbyggjanda.

7. **Erindi frá Gunnari Guðmundssyni**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús að Nýjabæ í Flatey á Skjálfanda.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að gerður verði lóðarsamningur við ríkið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Bingeyinga.

8. **Erindi frá Jóhanni Guðna Reynissyni Hellu, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir smáhýsi norðan við íbúðarhúsið Hellu á Laugum. Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um umsögn slökkviliðsstjóra. Fyrir liggur samþykki nágretta. Stöðuleyfið gildir til fimm ára.
9. **Erindi frá sveitarstjóra Skútustaðahrepps**
Óskað er eftir umsögn nefndarinnar varðandi umsókn Ingibjargar Þorleifsdóttur um leyfi til vínveitinga á Zansibar, Skútustaðahreppi til tveggja ára.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.
10. **Erindi afgreitt af byggingarfulltrúa**
Erindi frá Kjartani Stefánssyni Múla I, Aðaldælahreppi um leyfi til breytinga á útliti fjóshlöðu þar sem gluggi er færður og settar nýjar keyrsludyr.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
11. **Erindi frá Laugafiski hf. Þingeyjarsveit**
Óskar er eftir leyfi til að byggja geymsluhús og færirbandaþurrkklefa á lóð Laugafisks að Laugum í Reykjadal. Byggingarmáti er stálgrindarhús á steiptum grunni. Flatarmál bygginganna alls er 970 m².
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Brunamálastofnunar.
12. **Erindi frá Skútustaðahreppi**
Óskað er umsagnar byggingarnefndar um vínveitingaleyfi handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur í Vogafjösi í Skútustaðahreppi. Óskað er eftir endurnýjun á leyfi til fjögurra ára.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.
13. **Erindi frá Sigurði Marinóssyni**
Óskað er eftir umsögn byggingarnefndar um að breyta íbúðarhúsinu að Stóru-Laugum í ferðaþjónustuhús.
Byggingarfulltrúa falið að grenndarkynna erindið og leita umsagnar Brunamálastofnunar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14.⁴⁵

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Gísli Kristjánsson
Jónas Reynir Helgason
Kristján Snæbjörnsson
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi